



Skotíþróttatæping Skotíþróttasambands Íslands 21. maí 2005.

Þingið er haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal í sal E.

Fundargerð:

Um boðun þings:

Jón S. Ólason formaður STÍ býður þingfulltrúa velkomna á skotþing 2005 og biður Guðmund Kr. Gíslason að gera grein fyrir boðun þings áður en það verður sett.

Guðmundur skýrir frá því að það hafi munað tveimur dögum á að boðun skotþings hafi verið lögleg, sem halda átti 16. apríl sl. Þá hafi verið ákveðið að fresta þingi til dagsins í dag og ákveðið að leita afbrigða fyrir þingsetningu um boðun þingsins og lögmæti þess. Enfremur er óskað eftir rökstuðningi ef athugasemdir eru gerðar við boðun þingsins.

Ein skrifleg athugasemd hefur borist frá Carli J. Eiríkssyni SÍB, sem hefur yfirgefið þingstað, og les Jón S. Ólason upp nokkrar athugasemdir Carls. Ekki eru gerðar frekari athugasemdir við skýrslu Carls þar sem hann hefur yfirgefið þingstað án skýringa.

Þingheimur samþykkir einróma afbrigði um boðun þings og lýsir Jón S. Ólason formaður STÍ þingið sett.

Kosning þingforseta og þingritara:

Jón S. Ólason gerir tillögu um Axel Sölvason sem þingforseta. Tillagan er samþykkt samhljóða og tekur Axel Sölvason þingforseti við stjórn þingsins og þakkar traustið sem honum er sýnt. Hann gerir tillögu um Kjartan Friðriksson sem þingritara og er tillagan samþykkt samhljóða.

Kosningar í starfsnefndir þingsins:

Tillögur um starfsnefndir þingsins:

Kjörbréfanefnd:

Árni Pálsson, SFK
Hilmar Á. Ragnarsson, SR
Guðmundur Brynjarsson, SA

Fjárhagsnefnd:

Guðmundur Kr. Gíslason, SR
Steinar Einarsson, SFK
Sígfús T. Blumenstein, SR

Laganefnd:

Hilmar Á. Ragnarsson, SR
Jón S. Ólason, ÍFL
Jens Magnússon, SÍ

Allsherjarnefnd:

Halldór Axelsson, SR
Árni Pálsson, SK
Jens Magnússon, SÍ

Tillögur um starfsnefndir eru samþykktar samhljóða.

Skýrsla fráfarandi stjórnar STÍ:

Formaður STÍ, Jón S. Ólason flytur skýrslu fráfarandi stjórnar og fer hún hér á eftir í heild.:

SKÝRSLA STJÓRNAR SKOTÍÞRÓTTASAMBANDS ÍSLANDS ÁRIÐ 2004

Stjórn Skotíþróttasambands Íslands fyrir árið 2004 skipuðu þeir Jón Ólason, formaður, Steinar Einarsson varaformaður, Guðmundur Kr. Gíslason gjaldkeri og framkvæmdastjóri, Kjartan Friðriksson, ritari og Halldór Axelsson meðstjórnandi.

Stutt er síðan skotþing kom saman síðast en þó hefur nokkru verið áorkað í málefnum íþróttarinnar.

Undanfarin ár hefur öðru hvoru verið uppi umræða um agamál hreyfingarinnar og því miður stundum verið ástæða til. Mál þar sem íþróttamenn hafa verið sakaðir um ósæmilega hegðun hafa komið inn á borð STÍ en bæði aganefnd og stjórnin hafa veigrað sér við að taka afstöðu til þessara mála eða beita einhverskonar viðurlögum. Engar agareglur voru til og þótti illa stætt á að beita viðurlögum sem hvergi eru til vegna brota sem hvergi eru skilgreind. Því var ráðist í að smíða hegðunarreglur til handa íþróttinni og viðurlög við brotum skilgreind. Reyndist það vera vandasamt verk og í mörg horn að líta. Reglurnar sáu dagsins ljós um síðustu áramót og hafa þegar tekið gildi með stjórnarsamþykkt. eru þær lagðar hér fram til umræðu og tel ég rétt að þær verði bornar hér upp til samþykktar þrátt fyrir að stjórnin hafi fullt umboð til að setja þær. Hér er á ferðinni veigamikló málefni og viðkvæmt og myndi samþykki þingheims styrkja regluverkið í framkvæmd.

Reglum um verðlaun í skotmótum hefur einnig verið breytt. Hér hefur sú breyting verið gerð að ekki er lengur skylt að veita verðlaun sveitum nema þær hafi "unnið" til þeirra. Hér er átt við sveitakeppni í fámennum mótum þar sem ein tvær eða þrjár sveitir hafa verið skráðar til leiks og allir sem á annað borð voru skráir í sveit hafa gengið út af móti með verðlaun. Nú gilda þær reglur að til að verðlaun séu veitt í sveitakeppni þarf minnst tvær sveitir í keppni og vinnur þá aðeins önnur til verðlauna, þrjár sveitir, tvenn verðlaun, fjórar eða fleiri þrenn verðlaun. Reglur þessar liggja frammi hér á þinginu.

Landsmót Ungmennafélags Íslands var haldið á Sauðárkróki og leituðu forsvarsmenn mótsins til STÍ um aðstoð við mótahald í skotfimi. Stjórnin ákvað að verða við þeim óskum og varð úr að keppt var á mótinu í skeet, enskum riffli, loftskammbyssu og loftriffli. Mótahaldið tókst með afbrigðum vel enda lögðu heimamenn sig fram um að vel tækist til. Vert er að geta sérstaklega þáttar skotfélagsins Ósmann en innan þeirra raða gekk maður undir mann við undirbúning og framkvæmd. Trúlega hafa aldrei sést fleiri og áhugasamari starfsmenn á mótstaði í skotiþróttum en þar. Jákvæðni þeirra, samheldni og dugnaður ætti að vera öllum skotiþróttamönnum fyrirmynd. Stí menn á staðnum gerðu að sjálfsögðu tilraunir til að telja Ósmann á að ganga til liðs við íþróttahreyfinguna en höfðu ekki árangur sem erfiði.

Við undirbúning landsmótsins kom upp sú hugmynd að Skotiþróttasambandið keypti færanlega búnað til mótahalds í loftgreinum. Haft var samband við norska félagi okkar en það hafði frést að víða í Noregi væri verið að skipta út búnaði. Úr varð að fest voru kaup á 15 brautum með borðum og því sem til þarf. Hugmyndin er að lána þennan búnað vegna mótahalds og kynninga á landsbyggðinni.

Það er árviss viðburður að á vegum ÍSÍ eru valdir íþróttamenn ársins í öllum sérgreinum. Skotfimin á þar sína fulltrúa og fyrir árið 2004 hrepptu hnosið þau Jórunn Harðardóttir úr Skotfélagi Reykjavíkur fyrir frammistöðu sína í skotfimi með loftriffli og loftskammbyssu en hún náði þeim merka áfanga að ná Olympíulágmarki í báðum greinum og Hannes Tómasson Skotfélagi Reykjavíkur fyrir frammistöðu sína í skammbyssuskotfimi.

Jórunn fór á vegum STÍ til keppni á síðasta Norðurlandamóti þar sem keppt er í flokki fullorðinna. Hún var nálægt sínu besta í báðum greinum en verðlaunin þurfa þó að bíða betri tíma.

Ekki verður hjá því komist að minnast á Smáþjóðaleikana í Andorra þó svo að í raun tilheyri það starf skýrslu næsta þings. Undirbúningur er nú á lokasprettinum en haldið verður utan eftir viku. Keppendur hafa verið valdir: Í skeet, Örn Valdimarsson og Gunnar Gunnarsson. Í loftskammbyssu Ásgeir Sigurgeirsson og Hannes Tómasson og í loftriffli Guðmundur Helgi Christensen. Sú staðreynd að Ásgeir er í landsliðshópnum er áminning til skotiþróttafélaganna um að leggja meiri rækt við unglingsstarfið. Ásgeir er aðeins 19 ára gamall og er Reykjavíkumeistari í sinni grein, Íslandsmeistari unglinga en þeim titli náði hann með árangri sem er 10 stigum fyrir ofan Íslandsmeistara fullorðinna.

Formaður STÍ lýkur máli sínu.

Reikningar sambandsins lagðir fram til samþykktar:

Guðmundur Kr. Gíslason gjaldkeri sambandsins leggur fram endurskoðaða reikninga til samþykktar. Gjaldkeri skýrir reikninga sambandsins og kemur þar m.a. fram að tekjur ársins voru svipaðar og árið áður. Kostnaður vegna reksturs skrifstofu er einnig svipaður og á fyrra ári. Hagnaður varð af rekstrinum og gerir fjárhagsáætlun fyrir árið 2005, ráð fyrir áframhaldandi hagnaði uppá kr.340þús. Guðmundur lét þess einnig getið að kostnaður vegna Smáþjóðaleika í Andorra í júní 2005, lægi ekki fyrir en reikna má með að hann verði hverfandi þar sem ÍSÍ styrkir keppendur af myndarskap. Fram kemur að staða sambandsins sé góð í heild og verið sé að byggja upp fjárhag sambandsins markvisst. Guðmundur gerir grein fyrir ýmsum kostnaði og segir að áætlað sé að auka kostnað við að senda keppendur á mót erlendis, enda sé það markmið sambandsins að taka þátt í sem flestum mótum á erlendri grund.

Tillaga gjaldkera STÍ um keppnisgjald ofl.

Guðmundur leggur til að keppnisgjald STÍ kr. 1,000 pr. keppenda yrði óbreytt en gjald fyrir unglinga yrði fellt niður. Jafnframt lagði hann til að félagaskiptagjald verði óbreytt kr. 3,000.

Tillögu Guðmundar er vísað til Fjárhagsnefndar.

Kjörbréfanefnd gerir grein fyrir störfum sínum:

Hilmar Á. Ragnarsson gerir grein fyrir störfum Kjörbréfanefndar og les upp nöfn þingfulltrúa.

Fjárhagsáætlun stjórnar STÍ:

Guðmundur Kr. Gíslason gjaldkeri STÍ gerir grein fyrir fjárhagsáætlun stjórnar sambandsins fyrir næsta starfsár. Þar kemur fram áætlun um m.a. kostnaður við Smáþjóðaleikana á Andorra í sumar og ýmis mót á erlendri grund á næstunni. Gert er ráð fyrir að fjárhagsáætlun sé innan ramma fjárhags sambandsins svo fjármál þess fari ekki úr böndum.

Orðið laust um skýrslur stjórnar og reikningana:

Þingforseti gefur orðið laust um skýrslu stjórnar, reikningana og fjárhagsáætlun sambandsins. Engin tekur til máls og eru reikningarnir bornir upp til samþykktar og eru þeir samþykktir samhljóða.

Lagabreytingar:

Fyrir þinginu liggur tillaga um lagabreytingu. Guðmundur Kr. Gíslason flytur tillögu um að Skotþing, haldið í Reykjavík 21.maí 2005, samþykki eftirfarandi lagabreytingu:

Tillögur til lagabreytinga :

7.grein sem hljóðar svo:

Skotiþróttþing

7. grein

Skotiþróttþing er æðsta framkvæmdavald um málefni STÍ. Skotiþróttþing skal haldið í janúar til maí ár hvert og skal þingið boðað bréflaga með minnst tveggja mánaða fyrirvara og aftur með 14 daga fyrirvara.

Stjórn STÍ tekur ákvörðun um fundarstað

Málefni sem sambandsaðilar óska eftir að tekin verði fyrir á skotiþróttþingi, skulu tilkynnt stjórn STÍ bréflaga minnst einum mánuði fyrir þing. Þó getur þingið tekið fyrir ný mál, sem ekki uppfylla þetta skilyrði, ef það er samþykkt með 2/3 atkvæða þingfulltrúa. Stjórn STÍ skal tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt tillögum sem borist hafa minnst 14 dögum fyrir þing.

Skotiþróttþing er lögmætt ef löglega er til þess boðað.

Breytist þannig:

Skotiþróttþing er æðsta framkvæmdavald um málefni STÍ. Skotiþróttþing skal haldið í janúar til maí ár hvert og skal þingið boðað bréflaga með minnst **eins mánaðar** fyrirvara.

Stjórn STÍ tekur ákvörðun um fundarstað

Málefni sem sambandsaðilar óska eftir að tekin verði fyrir á skotiþróttþingi, skulu tilkynnt stjórn STÍ bréflaga minnst **3 vikum** fyrir þing. Þó getur þingið tekið fyrir ný mál, sem ekki uppfylla þetta skilyrði, ef það er samþykkt með 2/3 atkvæða þingfulltrúa. Stjórn STÍ skal tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt tillögum sem borist hafa minnst 14 dögum fyrir þing.

Skotiþróttþing er lögmætt ef löglega er til þess boðað

Óskað er eftir því að þingið samþykki að taka ofangreinda tillögu fyrir þrátt fyrir annmarka samkvæmt 7. grein.

Tillögunni er vísað til Laganefndar þingsins.

Tillaga um Skíðaskotfimi

Fyrir þinginu liggur tillaga um að Skíðaskotfimi verði tekin inn sem keppnisgrein í sambandinu. Engin fulltrúi er mættur til að fylgja henni úr hlaði.

Tillagan hljóðar svo:

Viðurkenning Skotiþróttasambands Íslands á skíðaskotfimi sem keppnisgrein

7. apríl 2005

Samkvæmt reglugerð nr. 787/1998 um skotvopn, skotfæri ofl. þarf Skotiþróttasamband Íslands að sækja leyfi til Ríkislögreglustjóra fyrir allar nýjar keppnisgreinar sem ætlunin er að stunda æfingar eða keppni í.

Skíðaskotfimi er keppnisgrein sem stunduð er svo að segja í öllum löndum í kringum okkur. Alls eru 63 lönd aðilar að IBU – International Biathlon Union, eða Alþjóða Skíðaskotfimisambandinu. Fjölmargir þættir hafa eflaust hagað örlögnum þannig að þessi íþróttgrein hefur ekki náð að dafna hérlendis, en eflaust má ætla að hluta ástæðunnar megi rekja til þess að enginn her er hérlendis sem hefur þjálfað menn í skíðaskotfimi. Sama má nú reyndar segja um fjölda þeirra landa þar sem skíðaskotfimi er stunduð í dag. Þessi keppnisgrein er án efa vinsælasta áhorfsgreinin innan skotiþróttar í heiminum í dag og má eflaust rekja vinsældir hennar til þess að hvað áhorfendur snertir hefur þessi keppnisgrein marga kosti fram yfir aðrar skotgreinar. Eurosport

sjónvarpsstöðin sýnir frá helstu stórmótum í skíðaskotfimi og er ekki annað að sjá en að fyrirtæki séu mjög fús til þess að styðja við þessa íþrótt.

Í gegnum árin hafa Ísfirðingar sýnt aðdunarverða viðleitni til þess að halda skíðaskotfimi á lofti. Skotfélagið þar í bæ hefur staðið fyrir keppnum þar sem reynt hefur verið eftir mætti að kynna þessa íþrótt fyrir áhugasömum, gjarnan undir ströngu eftirliti yfirvalda á staðnum sem hafa sett þessum keppnum þröngar skorður þar í bæ sökum þess að ekki er um viðurkennda keppnisgrein hérlendis að ræða. Hafa menn sjaldnast fengið leyfi til þess að ganga með rífflana sjálfa í keppni, heldur hafa þeir verið á þann klafa bundnir að fá einungis að geyma rífflana á þeim stað sem skotið er í mark.

Árið 2000 héldu Akureyringar með dyggri aðstoð Ísfirðinga kynningarmót á skíðaskotfimi í Hlíðarfjalli í tengslum við Vetraríþróttahátíðina sem þá var haldin. Fékkst þá leyfi til þess að halda keppnina á ákveðnu svæði í fjallinu sem þótti henta ágætlega til þessarar keppna og gerði lögreglan ekki athugasemdir við að keppendur fengju að ganga með rífflana sjálfa eins og sjálfsgaþ þykir að gera í nágrannalöndunum. Rataði umfjöllun um þetta kynningarmót í fréttatíma sjónvarpsins og vakti töluverða athygli á sínum tíma. Á þessu kynningarmóti kepptu vanir skíðagöngumenn frá Skíðafélagi Akureyrar og er óhætt að segja að þarna hafi verið sáð fræjum áhugans á skíðaskotfimi, því eftir þetta kynningarmót kom strax til tals að skíðaskotfimi yrði kynningargrein á næsta skíðalandsmóti.

Lítið hefur gerst í þessum málum frá þessum tíma þar til nú í vetur að Ísfirðingar efndu aftur til keppni í skíðaskotfimi. Kepptu þar 19 manns og höfðu gaman af sem sýnir möguleika þessarar íþróttagreinar þrátt fyrir að vera ströng skilyrði sett af hálfu yfirvalda. Í þessari síðustu keppni á Ísafirði kom sterklega í ljós sú þörf sem orðin er fyrir að þessi keppnisgrein verði viðurkennd hérlendis sem skotgrein rétt eins og hún er í svo til öllum okkar nágrannalöndum. Sökum þess að ekki er um viðurkennda skotgrein að ræða er yfiröldum með réttu sniðinn þröngur stakur í leyfisveitingum til handa þeim sem hafa áhuga á að koma upp æfingavæðum eða keppnum í þessari skotgrein. Sækja þarf um undanþágur og leyfi í sérhvert sinn til lögreglu og Ríkislögreglustjóra.

Til þess að lyfta þessum álögum af þessari áhugaverðu keppnisgrein þarf fyrst og fremst eitt að koma til. Skotíþróttasamband Íslands þarf að viðurkenna þessa keppnisgrein til þess að Ríkislögreglustjóra sé heimilt að veita leyfi fyrir iðkun hennar. Hvort þessi keppnisgrein komi til með að verða iðkuð á vegum Skotsambands Íslands, Skíðasambands Íslands eða jafnvel í sérstöku Skíðaskotfimisambandi eins og oft er háttur á í nágrannalöndunum, er ekki gott að segja til um. Það liggur þó ljóst fyrir að jarðvegurinn fyrir framgöngu þessarar greinar verður ekki frjór fyrr en henni hafa verið sköpuð vaxtarskilyrði. Þessi vaxtarskilyrði felast fyrst og fremst í því að byrjað verði á því að STÍ samþykki skíðaskotfimi sem keppnisgrein. Samþykki á skíðaskotfimi felur í raun enga sérstaka ábyrgð í sér af hálfu STÍ aðra en þá að með samþykkinu er STÍ að greiða götu þeirra sem hafa áhuga á að koma þessari íþrótt á laggirnar. Þær reglur sem gilda um iðkun skíðaskotfimi geta aldrei orðið annað en háðar þeim lögum og reglum sem gilda um aðra iðkun skotfimi hérlendis.

Framkvæmd móta, uppsetning æfingavæða og iðkun æfinga tekur enfremur mið af þeim reglum sem gilda um þessa keppnisgrein hjá Alþjóða Skíðaskotfimisambandinu IBU. Hvort STÍ sækir um aðild að IBU er seinni tíma mál sem ekki er þörf á að taka afstöðu til á þessum tímamarki þar sem viðurkenning þessarar keppnisgreinar er upphafsskrefið.

Það er trú undirritaðra að með því að bæta skíðaskotfimi við þær keppnisgreinar í skotfimi sem stundaðar eru hérlendis að vegsemd og virðing gagnvart skotfimi almennt sem íþróttagreinar komi til með að aukast.

Í ljósi þess sem hér á undan hefur verið fjallað um leggja undirritaðir því fram þá tillögu að kosið verði um það að skíðaskotfimi verði viðurkennd sem keppnisgrein af hálfu Skotíþróttasambands Íslands og að eftir umfjöllun fulltrúa á skotþingi 2005 verði sú beiðni tekin til formlegrar atkvæðagreiðslu. Athygli skal vakin á því að dreift hefur verið nánari upplýsingum til fulltrúa skotþingsins um stakar keppnisgreinar innan skíðaskotfiminna.

Tillagan er lögð fram af:

Einar Guðmann, Íþróttaskotfélagi Akureyrar
Húnbogi Valsson, Íþróttaskotfélagi Akureyrar
Laurent F. Somers, Íþróttaskotfélagi Akureyrar

Tillögunni er vísað til Alsherjarnefndar þingsins.

Ósk um afbrigði þings við tillögu um ályktun vegna Evrópumeistaramóts 2010:

Jón S. Ólason óskar eftir afbrigði þingsins við flutning tillögu um ályktun skotþings um að Evrópumeistaramót í 10 metra skotíþróttum verði haldið á Íslandi árið 2010.

Tillagan um afbrigðið er borin upp og þingið samþykkir hana samhljóða.

Tillaga um ályktun Evrópumeistaramóts 2010:

Jón gerir grein fyrir tillögu sinni um að STÍ sjái um að halda Evrópumeistaramót í 10 metrar skotgreinum árið 2010. Hann greinir frá því að Finnar taki að sér að sjá um dómgæslu á mótum sem þessum og framleiðandi rafrænna skotbrauta leigi út skotbrautir í mót sem þessi. Jón telur að mót í þessari stæðargráðu verði lyftistöng fyrir íslenskar skotíþróttir þar sem almenningur komi til með að taka eftir þessu móti sem íþróttaviðburði og þetta geti stuðlað að því að skotíþróttir verð aðskildar í hugum fólks frá skotveiðimennsku í eitt skipti fyrir öll. Einnig tekur hann fram að mót sem þessi séu ávalt tekjulind fyrir þá sem halda mótin.

Ályktun Skotíþróttabings:

Jón S. Ólason leggur fram tillögu um eftirfarandi ályktun:
"Skotíþróttabing haldið í Maí 2005 samþykkir að stjórn STÍ kanni grundvöll þess að halda Evrópumeistaramót í 10m skotfimi á Íslandi árið 2010. Þingið felur stjórninni umboð til að taka ákvörðun um umsókn að því tilskyldu að fjárhagslegur grunnur og aðstaða sé tryggð."

Tillögunni er vísað til Alsherjarnefndar.

Framkvæmdarstjóri ÍSÍ tekur til máls:

Stefán Konráðsson framkvæmdarstjóri ÍSÍ er gestur þingsins og hann tekur til máls. Stefán þakkar stjórn STÍ gott samstarf á liðnum árum og hann fagnar hugmyndum sambandsins um Evrópumeistaramótið. Hann varar við of mikilli bjartsýni við mótahald sem þetta og minnr á tapið á HM 95 þar sem of geyst var farið í hlutina. Hann hvetur þingheim til að fara varlega í framkvæmd sem þessa, sem kunni að skilja eftir sig skuldahala sem erfitt verði að vinna úr til lengri tíma lítið. Hann þakkar að lokum gott þing og óskar þingheimi velgengni í framtíðinni.

Þinghlé og starfsnefndir taka til starfa.

Starfsnefndir Skotíþróttabings gera grein fyrir störfum sínum:

Fjárhagsnefnd:

Guðmundur Kr. Gíslason gerir grein fyrir störfum Fjárhagsnefndar. Nefndin leggur til óbreytt keppnisgjald kr.: 1000.-, að ekkert gjald verði innheimt af unglungum og félagaskiptagjald verði óbreytt kr.: 1000.-

Tillögur nefndarinnar eru samþykktar samhljóða.

Laganefnd:

Jón S. Ólason gerir grein fyrir tillögum Laganefndar. Nefndin leggur til að boðun skotþings verði stytta úr 2 mánuðum í 1 mánuð, að tillögur skulu berast þremur vikum fyrir þing í stað tveggja vikna áður.

Tillögurnar eru samþykktar samhljóða.

Alsherjarnefnd:

Halldór Axelsson flytur niðurstöðu Alsherjarnefndar. Nefndin leggur til að Skotíþróttasambandið stefni á að halda Evrópumeistaramót í 10 metra skotgreinum árið 2010. Halldór tekur fram að ekkert land hafi tafað á að halda slík mót og hann hvetur þingheim til að samþykkja ályktun um að halda mótið.

Ályktunin hljóðar svo:

Skotíþróttabing haldið í Maí 2005 samþykkir að stjórn STÍ kanni grundvöll þess að halda Evrópumeistaramót í 10m skotfimi á Íslandi árið 2010. Þingið felur stjórninni umboð til að taka ákvörðun um umsókn að því tilskyldu að fjárhagslegur grunnur og aðstaða sé tryggð.

Ályktunin er samþykkt samhljóða.

Þá gerir Halldór Axelsson grein fyrir niðurstöðum nefndarinnar um Skíðaskotfimi. Alsherjarnefnd leggur til að skíðaskotfimi verði viðurkend sem skotgrein innan sambandsins og leggur nefndin til að rætt verði við Skíðasambandið um að sjá um framkvæmdina á íþróttinni og Skotíþróttasambandið aðstoði við framkvæmd skotgreina þáttarins. Nefndin leggur einnig til að stofnuð verði nefnd innan STÍ um þessa grein.

Jón S. Ólason gerir athugasemd við tillöguna, en hann tekur fram að STÍ geti ekki tekið að sér að sjá um þessa grein að öllu leiti og verði Skíðasambandið að sjá um þann hluta sem viðkemur skíðabættinum. STÍ muni hinsvegar aðstoða Skíðasambandið við að sjá um skotfimipáttinn.

Tillaga nefndarinnar um að samþykkja Skíðaskotfimi sem keppnisgrein innan STÍ er samþykkt samhljóða.

Kærugjald STÍ

Jón S. Ólason leggur fram tillögu um að kærugjald sambandsins verði óbreytt og í samræmi við gjaldskrá ISSF.

Tillagan er samþykkt samhljóða.

Stjórnarkjör:

Kosning formanns STÍ:

Tillaga er um Jón S. Ólason sem formann STÍ og er hann einróma kjörinn með lófataki.

Kosning stjórnar STÍ:

Tillaga er frá fráfarandi stjórn um eftirtalda stjórnarmenn:

Kjartan Friðriksson, SR, í aðalstjórn.
Halldór Axelsson, SR, í aðalstjórn.
Páll Reynisson, SFS, í varastjórn

Tillagan er samþykkt samhljóða.

Áfram sitja:

Jóhann Norðfjörð, SFS, í varastjórn
Guðmundur Kr. Gíslason, SR, í aðalstjórn
Steinar Einarsson, SFK, í aðalstjórn

Kosning skoðunarmanna reikninga:

Tillaga er um eftirtalda skoðunarmenn reikninga sambandsins:

Hilmar Á. Ragnarsson, SR
Jónas Hafsteinsson, ÍFL
Varamenn:
Sigfús Tryggvi Blumenstein, SR
Hannes Haraldsson, SFK

Tillagan er samþykkt samhljóða.

Kosning þriggja manna nefndar STÍ:

Tillaga er frá fráfarandi stjórn um eftirtalda menn í nefndir.

Mótanefnd:

Guðmundur Kr. Gíslason, SR
Jóhann Norðfjörð, SFS
Kjartan Friðriksson, SR
Varamenn:
Kári Grétarsson, SÍH
Steindór Hr. Grímarsson, SFK
Guðmundur H. Brynjarsson, SA

Dómaranefnd:

Halldór Axelsson, SR
Steinar Einarsson, SFK
Ívar Erlendsson, SÍH
Varamenn:
Guðmundur Kr. Gíslason, SR
Áki H. Garðarsson, SA
Ingibjörg Ásgeirsdóttir, ÍFL

Aganefnd:

Jón S. Ólason, ÍFL
Hilmar Á. Ragnarsson, SR
Halldór Axelsson, SR

Varamenn:

Einar Guðmann, ÍSA
Guðmundur H. Brynjarsson, SA
Páll Reynisson, SFS

Ritnefnd:

Bragi P. Jónsson, SR
Einar Guðmann, ÍSA
Kjartan Friðriksson, SR

Varamenn:

Guðmundur Kr. Gíslason, SR
Örn Valdimarsson, SÍH
Halldór Axelsson, SR

Tillagan er samþykkt samhljóða.

Kosning fulltrúa á ÍSÍ þing

Kosningu fulltrúa er vísa til ákvörðunar stjórnar STÍ þar sem ekkert ÍSÍ þing verður haldið á þessu ári.

Önnur mál:

Jón S. Ólason tekur til máls og þakkar traustið sem honum er sýnt með kjöri til formanns STÍ. Hann ræðir um agabrot innan skotíþróttarinnar, hegðun skotmanna innan og utan valla og að það þurfi að koma agareglum skotíþróttarinnar í fast horf.

Tillaga um agareglur STÍ:

Jón S. Ólason leggur fram eftirfarandi tillögu um agareglur STÍ til samþykktar þingsins:

Reglugerð um aganefnd STÍ og starfssvið hennar**1. grein**

Aganefnd STÍ skal skipuð 3 aðalmönnum, og þremur til vara. Skotþing kýs menn til setu og skulu þeir kosnir til eins árs í senn. Aðalmenn skipta með sé verkum þ.e. velja sér formann og ritara

Tilgangur og valdsvið**2. grein**

Tilgangur aganefndar er að vinna gegn agabrotum, óþrúðmannlegri, ámælisverðri eða ólögmeðri framkomu skotíþróttamanna, forystumanna félaga, dómara, áhorfenda og annarra er hlut eiga að máli, á öllum opinberum mótum sem fram fara á vegum STÍ. Valdsvið aganefndar tekur einnig til atvika er eiga sér stað fyrir mót eða eftir að móti lýkur. Hún getur einnig tekið til úrskurðar atvik er eiga sér stað utan hefðbundinna móta, ef ætla má að þau brjóti gegn lögum og reglum STÍ, ISSF, ESC, NSR eða ÍSÍ eða varði íþróttina og starfssemi henni tengdri. Aganefnd fjallar um mál er varða framangreind atriði og úrskurðar í þeim. Til að ná markmiðum sínum getur Aganefnd beitt áminningum eða viðurlögum eftir því sem við á

3. grein

Tilgangur aganefndar er jafnframt að koma með ábendingar til stjórnar STÍ um reglugerðarbreytingar og aðgerðir er stuðlað geta að því að fyrirbyggja agabrot, enda samræmist það markmiði nefndarinnar að draga úr og takmarka óþrúðmannlega eða ólögmeðri framkomu í keppnum og starfi innan STÍ.

Vanhæfi**4. grein**

Nefndarmaður skal víkja sæti skv. vanhæfisreglum ÍSÍ og skal varamaður taka sæti hans ef slíkt ber undir.

Kærur**5. grein**

Kæra eða ábending til aganefndar skal vera skrifleg, og hafa borist skrifstofu STÍ innan tveggja vikna frá því að atvik átti sér stað. Aganefnd er þó heimilt að eigin frumkvæði að taka fyrir sérstaklega alvarleg atvik sem telja má að séu þess eðlis að heiður íþróttarinnar er að veði. Mótshaldara er skylt að tilkynna stjórn STÍ eða Aganefnd um brot á agareglum á mótum. Félög

sem stunda skotfimi innan vébanda ÍSÍ geta lagt fram kærur vegna brota á agareglum og einstaklingar geta komið á framfæri ábendingum til skoðunar fyrir aganefnd

Málsmeðferð

6. grein

Fundi nefndarinnar skal halda innan 7 daga frá því mál berst skrifstofu STÍ. Heimilt er með samþykki allra nefndarmanna aganefndar að halda fundi nefndarinnar með aðstoð síma eða annarra fjarskiptatækja, enda leiki ekki vafi á afstöðu hins fjarstadda nefndarmanns. Úrskurður skal birtur málsaðilum eins fljótt og auðið er, en þó eigi síðar en 10 dögum eftir að mál berst STÍ. Úrskurður aganefndar tekur gildi strax við birtingu og telst fullnægjandi birting vera tölvupóstur til formanns viðkomandi félags sem og til hins kærða.

7. grein

Formaður aganefndar ákvarðar hvort málflytningur (skriflegur eða munnlegur) skuli heimilaður, að kröfu hins kærða. Málflytningur skal jafnan ekki heimilaður fyrir minna brot en beina brottvísun skotmanns eða forsvarsmanns af keppnisstað, eða ef formaður telur möguleika skv. efni kærðu, að hún kunni að leiða til tveggja móta banns eða meira. Kærða skal gefinn kostur á að halda uppi vörnum og skal honum veittur þriggja daga frestur frá því að mál er tekið fyrir til að skila inn greinargerð óski hann þess.

8. grein

Aganefnd skal hafa frjálst sönnunarmat á gögnum þeim er lögð eru fyrir nefndina og er heimilt að byggja úrskurð sinn á öðrum gögnum ef nefndin telur þau varpa ljósi á málið. Allur vafi skal metinn kærða í hag.

9. grein

Úrskurðir aganefndar eru endanlegir. Kærði öðlast engar kröfur, bótakröfur né félagslegar kröfur, á hendur STÍ vegna úrskurða aganefndar. Við ákvörðun um viðurlög við brotum skal aganefnd bundin af lögum og reglugerðum STÍ, fordæmum aganefndar er samræmast gildandi reglum, dóms- og refsiaðkvæðum ÍSÍ og eftir atvikum reglum ISSF, ESC og NSR. Aganefnd skal bundin af ákvörðun dómara leiks, s.s. varðandi brottvísun eða tæknibrot.

Brot og viðurlög

10. grein

Leikmanni sem uppvís er að því að hafa vísitandi rangt við í keppni skal veita áminningu hið minnsta og eins móts keppnisbann ef brot er alvarlegt og hefur áhrif á niðurstöðu móts. Hafi leikmaður ítrekað rangt við í keppni á sama keppnistímabili skal úrskurða hann í eins móts keppnisbann hið minnsta og allt að þriggja móta keppnisbanni

10. grein

Ef dómari vísar aðila (leikmanni, þjálfara eða liðsstjóra) af leikvelli eða keppnisstað, skal viðkomandi að jafnaði úrskurðaður í eins móts bann. Heimilt er þó að afgreiða málið með áminningu ef leikmaður á sér verulegar málsbætur. Við aðra brottvísun á keppnistímabilinu skal viðkomandi að jafnaði úrskurðaður í tveggja móta bann, og fyrir þriðju og síðari brottvísanir á keppnistímabilinu skal viðkomandi aðili úrskurðaður í keppnisbann eftir mati aganefndar.

11. grein

Hafi keppanda verið vísað af leikvelli eða keppnisstað vegnar ölvunar eða annarskonar vímuáhrifa eða fyrir alvarlega eða ofsafengna framkomu, er aganefnd heimilt að úrskurða viðkomandi í allt að 6 móta bann eða 6 mánaða keppnisbann. Fyrir ítrekuð brot af þessu tagi skal refsing vera minnst 5 móta bann.

12. grein

Keppnismaður sem keppir fyrir Íslands hönd á erlendra grund skal vera þjóð sinni til sóma. Ölvunar og drykkjulaeti eða önnur ósæmleg eða hneykslanlega hegðun í keppnisferð hvort sem er utan vallar eða innan skal varða minnst 1 mánaðar og allt að 6 mánaða keppnisbanni, eftir alvarleika brots

13. grein

Ef áhorfendur gerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart skotmönnum, dómurum eða starfsmönnum eða öðrum áhorfendum móts, er aganefnd heimilt að svipta viðkomandi mótshaldara STÍ - mótum og/eða úrskurða hann til greiðslu sektar til STÍ að mati aganefndar. Ef atvik þykja ekki það alvarleg að svipting móta verði úrskurðuð, er aganefnd heimilt að áminna viðkomandi félag og/eða gera ábendingar er lúta að tryggja öryggi aðila og dómara. Verði um ítrekuð brot að ræða innan keppnistímabils þrátt fyrir áminningu, og ekki hefur verið orðið við ábendingum aganefndar, skal svipta viðkomandi mótshaldara réttinum til að halda STÍ - mót, tímabundið.

14. grein

Úrskurðir aganefndar skulu færðir í sérstaka gerðarbók. Í úrskurði skal greina glöggst hver hinn kærði sé, í hvaða móti eða við hvað aðstæður hið kærða atvik átti sér stað, fyrir hvaða brot kærta taki til, og á hvaða forsendum aganefnd byggji úrskurð sinn. Bóka skal í úrskurði hverjir nefndarmanna kveði upp úrskurðinn, og skiptingu atkvæða ef úrskurður er ekki einróma. Úrskurðir aganefndar skulu vera aðgengilegir á heimasíðu STÍ.

15. grein

Ef aðili á eftir að taka út refsingu þegar keppnistímabili lýkur, skal hann afplána refsinguna í byrjun næsta keppnistímabils, án tillits til þess með hvaða félagi hann verður hlutgengur á þeim tíma.

Tillaga Jóns S. Ólasonar um agareglur STÍ eru bornar upp til atkvæða og eru þær samþykktar samhljóða.

Móta- og keppnisreglur STÍ:

Jón S. Ólason tekur til máls og vekur athygli þingheims á að breyttum móta- og keppnisreglum STÍ. Áður var viku frestur fyrir skotfélögin til að tilkynna þátttöku í mótum sambandsins, en fresturinn hefur verið stytur í þrjá virka daga. Sá frestur sé fyrst og fremst til að mótshaldari hafi tíma til að undirbúa mótið og sjá um verðlaunagripi.

Almennar umræður úr sal:

Almennar umræður eru úr sal um mót, mótaskýrslur, skil úrslita til STÍ og reglur um kærur á mótum. Rætt er um að mótshaldarar noti stöðluð form frá STÍ við skráningu móta og að kæruform sambandsins verði meðfylgjandi mótablaði.

Formaður STÍ, Jón S. Ólason tekur til máls og þakkar fyrir gott þing, starfið á liðnu ári og hvetur þingfulltrúa til að tjá sig meira en áður á komandi misseri m.a. með því að senda erindi til STÍ um þau mál sem brenna á mönnum hverju sinni.

Þingforseti lýsir eftir frekari umræðum en engin kveður sér hljóðs.

Axel Sölvason Þingforseti lýsir mælendaskrá tæmda.

Þingslit:

Þingforseti, Axel Sölvason, þakkar fráfarandi stjórn gott starf á liðnu ári, þingfulltrúum góða fundarsetu og slítur þingi.

Þingritari, Kjartan Friðriksson.

Þingforseti, Axel Sölvason.